

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 3/2000

Allt Gott ehf.

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 17. janúar 2000, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 18. janúar s.á. hefur Tómas Jónsson hrl., fyrir hönd Alls Góðs ehf., kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 42/1999](#), dags. 17. desember 1999. Með bréfi dags. 21. janúar 2000 barst frekari rökstuðningur fyrir framkominni kæru.

Í niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar kemur fram að samkeppnisráð telji að ekki hafi verið sýnt fram á að aðgerðir þær sem kvartað var yfir hafi miðað að því að veita þeim er kæra beindist að, Benedikt Eyjólfssyni og Bílabúð Benna ehf., landfræðilega vernd með því að koma í veg fyrir samhliða innflutning.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs verði felld úr gildi og að samkeppnisyfírvöld kveði á um að háttsemi þeirra er kæra beindist að hafi verið ólöglegt og beitt verði íhlutun skv. 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga og viðurlögum skv. 13. kafla laganna.

Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 42/1999, verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Málavextir eru þeir að Bílabúð Benna ehf. hefur verið umboðsaðili fyrir bílaframleiðandann Ssang Yong Motor Company (hér eftir SYMC) í Kóreu undanfarin ár. Benedikt Eyjólfsson er framkvæmdastjóri og eini stjórnarmaður Bílabúðar Benna ehf.

Á árinu 1998 keypti áfrýjandi 6 jeppabifreiðar beint frá innanlandssöludeild SYMC í Kóreu. Þann 6. apríl 1998 óskaði áfrýjandi eftir skráningu hjá Skráningarstofunni á jeppunum. Tvær bifreiðar voru forskráðar þann 7. apríl 1998 en þá kom í ljós hugsanlegur annmarki á framlögðum skráningargögnum að mati Skráningarstofunnar. Þann 12. júní s.á. hafnaði Skráningarstofan skráningu bifreiðanna að svo stöddu á grundvelli bréfa frá útflutningsdeild SYMC. Í þeim bréfum kemur fram að staðfesting framleiðandans sé fölsuð, ekki gefin út af réttum aðilum og að bifreiðarnar sjálfar uppfylli ekki reglugerðir ESB.

Með bréfi, dags. 19. nóvember 1998, barst Samkeppnisstofnun erindi frá Tómasi Jónssyni hrl., fyrir hönd áfrýjanda vegna þessa máls. Í erindinu eru Benedikt Eyjólfsson og Bílabúð Benna ehf. kærð á grundvelli 17. og 20. gr. samkeppnislaga og þess krafist að úrskurðað verði um að háttsemi kærðu hafi verið ólögmat og að beitt verði íhlutun skv. 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga og viðurlögum skv. 13. kafla laganna.

Meðferð Samkeppnisstofnunar á erindinu er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess.

Á fundi samkeppnisráðs 17. desember 1999 var mál þetta tekið fyrir og afgreitt með ákvörðun nr. 42/1999.

Ákvörðunarorðin hljóða svo:

„Samkeppnisráð mun ekki hafast frekar að vegna kæru Alls Góðs ehf.“

Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar segir m.a.:

„Samkeppnisráð telur að ekki hafi verið sýnt fram í (sic) málinu að aðgerðir SYMC hafi miðað að því að veita kærðu sk. algjöra landfræðilega vernd með því að koma í veg fyrir samhliða innflutning. Á hinn bóginn er ljóst að misvísandi yfirlýsingar og upplýsingar komu frá fyrirtækinu varðandi skráningarhæfni bifreiða þeirra sem kærandi flutti inn. Olli þetta kæranda umtalsverðum óþægindum. Háttsemi af þessum toga kann að fela í sér brot á 20. gr. samkeppnislaga. Þrátt fyrir 3. gr. samkeppnislaga hafa samkeppnisyfirvöld í þessu máli ekki úrræði til að rannsaka eða fjalla frekar um þennan þátt málsins. Gagnaöflunarheimildir 39. gr. samkeppnislaga gilda ekki gagnvart SYMC og ekki er fyrir hendi samningur milli Íslands og Kóreu um gagnkvæma aðstoð við rannsókn samkeppnismála.“

Mál þetta var flutt munnlega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 15. febrúar 2000.

III.

Að mati áfrýjanda hafa samkeppnisyfirvöld ekki nýtt sér heimildir sínar til rannsóknar og gagnaöflunar í þessu máli, eins og tilefni var til. Áfrýjandi telur að öll háttsemi Benedikts Eyjólfssonar og Bílabúðar Benna ehf. bendi til þess að verið sé að vernda umboðsmann SYMC á Íslandi fyrir samhliða innflutningi. Full ástæða hefði því verið til að reyna að afla frekari gagna um samskipti SYMC og Benedikts Eyjólfssonar auk upplýsinga um efni umboðssamnings SYMC við hann. Bent er á að samkeppnisráð láti hins vegar staðarnumið í því efni þegar því er sagt að „Letter of Intent“ sem einu sinni hafi verið undirritað sé útrunnið.

Að mati áfrýjanda hefði samkeppnisráð átt auðvelt með að leita eftir upplýsingum um sölufyrirkomulag SYMC hjá systurstofnunum í nágrannalöndum og hvort þar sé um einhvern samhliða innflutning að ræða. Áfrýjandi telur að samkeppnisráð hefði einnig átt að snúa sér beint til SYMC um efni samnings fyrirtækisins við Benedikt Eyjólfsson og Bílabúð Benna ehf. Áfrýjandi telur jafnvel hafa verið ástæðu til að framkvæma húsrannsókn hjá Benedikt Eyjólfssyni og Bílabúð Benna ehf.

Að mati áfrýjanda er einkennandi fyrir slælega upplýsingaöflun í máli þessu að samkeppnisráð hafi látið nægja að Benedikt Eyjólfsson og Bílabúð Benna ehf. hafi tilkynnt að ekki lægju fyrir frekari gögn er skiptu máli varðandi niðurstöðu málsins.

Áfrýjandi kveður ljóst vera að Benedikt Eyjólfsson og Bílabúð Benna ehf. hafi reynt að fá SYMC til að grípa til einhverra aðgerða til að torvelða innflutning áfrýjanda á umræddum bifreiðum. Slík háttsemi feli í sér brot á samkeppnisreglum sbr. orðalag 17. gr. samkeppnislaga. Að mati áfrýjanda fæst sú túlkun samkeppnisráðs að ekki hafi verið sýnt fram á að reynt hafi verið með „óhæfilegum hætti“ að hindra samhliða innflutning, ekki staðist. Málið snúist ekki um hvað sé hæfilegt eða óhæfilegt heldur hvort brotin hafi verið samkeppnislög. Að mati áfrýjanda eiga afskipti Skráningarstofnunar af málinu ekki að hafa áhrif á það mat.

Samkeppnisráð bendir á að við mat á atvikum þessa máls verði að hafa í huga að það að erlendur framleiðandi skipi umboðsmann hér á landi og veiti honum tiltekna vernd fari í sjálfu sér ekki gegn ákvæðum samkeppnislaga. Slík umboðsmannakerfi geti þvert á móti aukið samkeppni í sölu á vörum frá ólíkum framleiðendum. Þar sem umboðsmennska af þessum toga sé í sjálfu sér lögleg þá geti umboðsmaður eins og Bílabúð Benna gripið til ráðstafana til að gæta viðskiptahagsmuna sinna gagnvart umbjóðanda sínum. Það fari hins vegar gegn ákvæðum samkeppnislaga ef umboðsmaðurinn eða hinn erlendi framleiðandi grípi til aðgerða sem leiði til þess að keppinautur geti ekki með samhliða innflutningi orðið sér úti um og selt viðkomandi vöru hér á landi.

Samkeppnisráð fellst á að bréf frá SYMC sýni að Bílabúð Benna ehf. og SYMC hafi verið í samskiptum sín á milli vegna tilrauna áfrýjanda til að flytja inn umræddar bifreiðar. Samkeppnisráð er hins vegar ósammála áfrýjanda um að þessi gögn sýni fram á að Bílabúð Benna ehf. hafi gerst brotleg við ákvæði samkeppnislaga. Bent er á að um áramótin 1997/1998 hafi Bílabúð Benna ehf. kannað möguleika á að flytja hingað til lands innanlandstegund Musso jeppanna sem munu vera ódýrari en þeir jeppar sem seldir eru til útflutnings. Bílabúð Benna ehf. hafi staðhæft að hafa fengið þau svör frá SYMC að ekki yrði staðfest að innanlandsjepparnir uppfylltu evrópska gæðastaðla. Jafnframt hafi forstjóri Skráningarstofunnar fullyrt við fyrirtækið að bifreiðar framleiddar fyrir kóreanskan innanlandsmarkað myndu ekki hljóta skráningu hér á landi. Sökum þessa hafi ekki orðið úr umræddum innflutningi.

Þegar þetta er virt telur samkeppnisráð ekki óeðlilegt að Bílabúð Benna ehf. hafi snúið sér til SYMC og Skráningarstofunnar þegar til stóð að skrá hér á landi Musso jeppa framleidda fyrir innanlandsmarkað í Kóreu, sömu jeppa og fyrirtækinu hafði verið tjáð að yrðu ekki skráðir hér á landi. Þegar þetta sé haft í huga verði að telja aðgerðir Bílabúðar Benna ehf. í málinu lið í eðlilegri hagsmunagæslu þess. Ekki komi fram í gögnum málsins bein sönnun þess að Bílabúðin hafi sjálf eða í samstarfi við SYMC gripið til ólögættra aðgerða til að hindra innflutning áfrýjanda. Samkeppnisráð telur því ekki skilyrði til að taka íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun gagnvart Bílabúð Benna ehf. og Benedikt Eyjólfssyni í máli þessu.

Samkeppnisráð telur að mál þetta hafi verið rannsakað með fullnægjandi hætti. Óskað hafi verið eftir öllum gögnum frá Bílabúð Benna ehf. sem tengjast málinu og sérstaklega óskað eftir því að fyrirtækið staðfesti að þau hafi verið afhent. Það hafi verið gert og samkeppnisráð hafi enga rökstudda ástæðu til að véfengja þá yfirlýsingu.

Varðandi það hvort eðlilegt hafi verið að beita húsrannsókn í þessu máli bendir samkeppnisráð á að í þeim fáu málum þar sem því rannsóknarúræði

hafi verið beitt hafi legið fyrir rökstuddur grunur um brot á bannákvæðum IV. kafla samkeppnislaga.

IV.

Niðurstöður.

Samningar, í misjöfnu formi, milli framleiðenda vöru og seljenda hennar um svæðisbundin viðskiptamörk hafa verið algengir um langt skeið og er svo enn. Fá þeir að jafnaði staðist gagnvart núgildandi samkeppnislöggjöf nema sérstakar ástæður, sem samkeppnislög kveða nánar á um, eigi við hverju sinni. Samningar af þessu tagi njóta einnig almennrar lögverndar enda þótt tilteknir meinbugir, sem nánar er lýst í viðeigandi réttarheimildum, geti leitt til þess að einstaka skilmála megi ógilda eða breyta séu nægar ástæður til. Ljóst er að þeim sem hefur sérstaka heimild til vörudreifingar samkvæmt samningi af þessu tagi er heimilt að halda uppi hagsmunagæslu fyrir sig svo fremi sem með því sé ekki gengið gegn markmiðum og efnisákvæðum samkeppnislaga. Umrædd hagsmunagæsla má því m.a., að jafnaði, ekki miða að því að hamla samhliða innflutningi annars aðila á hlutaðeigandi vörutegund, enda myndu þess háttar hömlur iðulega leiða til skerðingar á hagsmunum neytenda.

Að virtum þeim gögnum, er fyrir liggja í þessu máli, er það mat áfrýjunarnefndar samkeppnismála að ekki verði af þeim ráðið að Benedikt Eyjólfsson og Bílabúð Benna ehf. hafi gengið lengra í hagsmunagæslu sinni gagnvart hinum erlenda framleiðanda umræddra bifreiða en þeim var heimilt samkvæmt framansögðu. Verður það óhagræði, sem áfrýjandi varð fyrir vegna tafa á skráningu umræddra bifreiða, því ekki rakið til athafna þeirra með óyggjandi hætti. Hefur háttsemi Benedikts Eyjólfssonar og Bílabúðar Benna ehf. því ekki farið í bága við 20. gr. samkeppnislaga og ekki réttlætt úrræði samkvæmt 17. gr. laganna.

Með vísan til þessa og að öðru leyti með hliðsjón af röksemdum þeim, sem fylgja ákvörðun samkeppnisráðs í máli þessu, verður niðurstaða ráðsins því staðfest.

Ummæli í greinargerð lögmanns Benedikts Eyjólfssonar og Bílabúðar Benna ehf. til Samkeppnisstofnunar gáfu tilefni til að ætla að fleiri skjöl væru fyrir hendi um samskipti þeirra við hinn erlenda framleiðanda. Var tiltekið í greinargerðinni að þeir hefðu óskað eftir svörum við því hvort framleiðandinn hefði staðfest að bifreiðarnar uppfylltu gæða- og öryggiskröfur til að hljóta skráningu og að hann hefði óskað eftir upplýsingum um hvort breyting hefði

orðið á framleiðsluferli bifreiða fyrir innanlandsmarkað eða á vinnureglum framleiðandans. Hefði verið tilefni til þess að Samkeppnisstofnun innti Benedikt Eyjólfsson og Bílabúð Benna ehf. eftir því hvort fyrrgreindar fyrirspurnir hefðu verið gerðar bréflega. Í bréfi lögmanns Benedikts Eyjólfssonar og Bílabúðar Benna ehf., dags. 15. október 1999, er fullyrt að ekki liggi fyrir frekari skrifleg gögn hjá þeim er málið skipti varðandi niðurstöðu málsins, en þá höfðu verið lögð fram. Frásögn af efni fyrirspurnanna í greinargerðinni bendir ekki til að í þeim hafi verið beitt ólögætum aðgerðum í skilningi samkeppnislaga. Er því ekki ástæða til að ómerkja ákvörðun samkeppnisráðs af þessum sökum.

V.

Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 42/1999, dags. 17. desember 1999, er staðfest.

Reykjavík, 22. febrúar 2000.

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir